

Stofnun Sigurðar Nordal 19. apríl 2005.

Hugleiðingar um Ragnar í Smára

Það er vel við hæfi að Ragnar sé nefndur á nafn á fundi, sem Stofnun Sigurðar Nordal stendur að, því Ragnar sagði nokkrum sinnum við mig :

" Mér finnst Sigurður vera faðir minn og ég lít á Jóhannes sem bróður minn."

Ég ætla ekki að flyta minningarorð um Ragnar í Smára, alls ekki, heldur rifja upp hvernig hann kom mér fyrir sjónir, hvernig var að vinna fyrir hann og segja nokkrar dæmisögur, svipmyndir, af honum til að reyna að varpa ljósi á starfsaðferðir hans og sýna nokkrar hliðar hins fjölbreytta og einstæða persónuleika hans.

Ragnar var yfirboðari minn allt frá árinu 1951 þegar ég fór að vinna hjá Afgreiðslu smjörlíkisgerðanna þar til hann lést í júlí 1984, eða í rúm 30 ár.

Mér finnst þörf á að tala um þann Ragnar sem ég þekkti, því sjónvarpsmyndin sem sýnd var fyrir skömmu, sem var ágæt útaf fyrir sig, sýndi mér ekki þann Ragnar, sem ég þekkti og vann hjá í 34 ár.

Í myndinni var gefið í skyn að rignt hafi peningum yfir Ragnar alla ævi hans af sjálfu sér og að hlutverk hans og aðalstarf hafi verið að dreifa þessari rigningu til fátækra listamanna.

Þetta er fjarri öllum sanni því Ragnar var hörkuduglegur og hugmyndaríkur viðskiptajöfur, sem átti og rak fjölda fyrirtækja og gerði sér mjög góða grein fyrir því að peningar eru afl þeirra hluta sem gera þarf.

Ragnar sem fæddist uppúr aldamótunum 1900 var alinn upp við að umgangast fé með varúð og neitaði sér og sínum um margvíslega hluti, sem öðrum þótti, jafnvel þá, hvað þá nú á tímum þotuliðsins, sjálfsagt að veita sér.

Hann líktist öðru athafnaskáldi, Pálma í Hagkaup, í því að hvorugur undi sitjandi á stól inni á skrifstofu um lengri tíma.

Skrifstofa Pálma var gjarnan eitthvert kaffihús þar sem voru góðar servíettur til að skrifa á, en skrifstofa Ragnars var Willy's jeppinn. Þar var friður og ró, enginn sími til að trufla og enginn sá við hvern hann var að tala í það og það skiptið.

Það er gaman að reyna að ímynda sér til hvaða ráða hann hefði gripið nú, þegar gemsar hafa tekið völdin í lífi fólks.

Má vera að þessi siður hans hafi orðið til þess að fólk hélt að hann hugsaði ekki um veraldlega hluti eins og að leggja sig allan fram við að bæta rekstur og hámarka arðsemi allra þeirra fyrirtækja, sem hann átti hlut í, en ekkert er eins fjarri sanni.

Smá saga frá því fyrir stríð sýnir okkur að það rigndi ekki peningum yfir Ragnar af himnum, það þurfti að hafa fyrir því að afla þeirra og hvað hann var reiðubúinn að leggja á sig til að tryggja rekstur smjörlíkisgerðarinnar Smára.

Salan á Smára smjörlíki hafði gengið illa um nokkurt skeið, nýr keppinautur hafði komið fram á sjónarsviðið, líklega smjörlíkis-gerðin Svanur, og veruleg fjárhagsleg vandamál blöstu við Smára, ef ekki væri hægt að auka söluna.

Ragnar sem sá hvert stefni að óbreyttu, fór niður í Ellingsen, keypti sér svefnpoka, tannbursta og rakvél og tók sér síðan far, á pokaplássi í lest, með strandferðaskipinu Súðinni í mánaðar söluferð, hringinn í kringum um allt landið.

Mig minnir að hann hafi ekki getað látið Björgu vita af þessari mánaðarferð fyrir en skipið var komið inn í Breiðafjörð.

Hann heimsótti hvern einasta kaupfélagsstjóra og kaupmann á landsbyggðinni, seldi þessi ósköp af Smára smjörlíki og bjargaði fyrirtækinu og fékk marga trygga viðskiptavini í leiðinni.

Önnur saga, yngri, eftir að hann var búinn að stofna Helgafell um eina af viðskiptahugmyndum Ragnars.

Einn daginn kom Ragnar og sagði :

" Komdu aðeins með mér út í bíl."

Nú við þangað auðvitað og þá kom eftir farandi ræða :

" Það eru svo ömurlegar plebbamyndir sem hanga á skrifstofum og kaffistofum, eyðileggja smekk fólks."

" Mér var að detta í hug ráð til að bæta úr þessu, gefa fólki tækifæri til að njóta þess besta í íslenskri myndlist."

" Láta gera eftirprentanir af bestu íslensku málverkunum á vegum Helgafells, og selja þær síðan við vægu verði bæði á heimili og inn í fyrirtækin, þar sem fólk er við vinnu sína."

" Heldur þú að það séu ekki góðir prentarar í Hollandi ?"
(Við keyptum mikið af hráefnum okkar þar.)

" Getur þú ekki athugað þetta fyrir mig ?" Og það gerði ég.

Sagði síðan Ragnari þegar ég þurfti að fara meðal annars til Amsterdam nokkrum mánuðum síðar.

Ragnar sagðist mundu koma með fyrsta málverkið til mín áður en ég færi.

Flogið í þá daga frá Reykjavíkflugvelli og ég bjó á Snorrabraut 85 við Miklartorg, sem þá var hringtorg.

Liðu nú dagarnir og ekki kom Ragnar, svo ég hnippti í hann.

Hann lofaði bót og betrun og sagði :

" Kem með myndina, áður en þú ferð."

Ekki var myndin komin þegar við fórum að heiman, en við þurftum að fara með dæturnar í pössun hjá afa og ömmu í Hafnarfirði.

Þegar við keyrðum Miklartorg á leiðinni út á völl sýndist mér eitthvað grátt standa úti á tröppunum, renndi við og viti menn, þar var þá Ásgrímsmynd komin, rúlluð inn í galvaníserað niðurfallsrör.

Þegar heim kom viku eða 10 dögum seinna spurði Ragnar :

" Sástu myndina ?" Já.

" Ég fór þarna fram hjá seinna um daginn, sá að myndin var horfin og var að vona að það hefði verið þú, sem tókst hana."

Næstu árin lét Ragnar prenta 20 - 30 eftirprentanir af úrvals-málverkum og seldi þær í tonnavis og græddi stórfé á þessari snjöllu hugmynd sinni

Forlagið hans, Helgafell, var um árabíl eitt stærsta og vitasta bókaforlag landsins, það var ekki aðeins að hann gæfi út bæði Davíð og Laxness heldur einnig bækur margra tuga óþekktra höfundu, og kæmi þeim þannig á framfæri.

En Ragnar hafði jafnan mörg járn í eldinum, átti ekki aðeins Helgafell heldur líka Víkingsprent og margar bókabúðir og átti meira aðsegja líka hlut í brennisteinsverksmiðju norður í landi, einhvers staðar nálægt Kröflu að ég held.

Viðskiptaumhverfið hér á landi á árunum fyrir stríð og næstu 30-40 árin þar eftir var vægast sagt ekki vinsamlegt.

Til dæmis hafði ríkisstjórnin af visku sinni meðal annars falið Verðlagsstjóra að verðleggja allar bækur, sem gefnar voru út hér á landi.

Sá maður sem var fengið þetta vonlausa hlutverk, góður maður, heiðarlegur og talnaglökkur með afbrigðum, sagði mér hvernig hann fór að þessu. Hann sagði :

" Pappír kostaði nánast alltaf hið sama kílóíð, hvernig sem hann

leit út. Ég fékk ca. verð á því hvað kostaði að binda inn bók og prenta hverja blaðsíðu.

Vonlaust var að reyna að giska á höfundarlaun og þess háttar, þannig að ég taldi blaðsíðurnar, viktaði síðan hverja bók, sem út kom og ákvað síðan verð hennar eftir þyngd."

Ef einhver ykkar hefur furðað sig á því hve spássíurnar voru stórar á þeim bókum sem voru gefnar út á þessum tíma, þá er það vegna þess að þá voru þær þyngri.

Ragnar tók marga listamenn, rithöfunda, málara, tónlistarmenn og myndhöggvara í fóstur, sá um þeirra allan þeirra hag, útvegaði þeim húsnæði og bjargaði þeim fyrir horn, ef einhver vandkvæði steðjuðu að.

Smá saga um höggmyndalist.

Árið 1954 var snillingurinn Ásmundur Sveinsson myndhöggvari kominn í strand með að byggja verkstæði sitt og hús vegna peningaleysis.

Hugsíð ykkur, Ásmundur þurfti að sóa mörgum bestu árum sínum í að byggja vinnuaðstöðu, þar sem var hátt til lofts og vítt til veggja, til að getað stundað list sína.

Ragnar lét Smjörlíkið kaupa Strokkerlinguna af Ásmundi, gefa Reykjavíkurborg styttna og stendur nú sú Stokkerling uppi í Árbæjarsafni.

Og Ásmundur gat haldið áfram að byggja yfir sig og verk sín.

Ragnar sagði útlendingum gjarnan að sú sprenging sem varð í íslenskri myndlist með Jóni Stefánssyni, Ásgrími Jónssyni og Kjarval væri hliðstæð sprengingunni, sem varð þegar Impression-istarnir ruddust fram á sjónarsviðið.

Þegar útlendingar drógu þetta í efa, m.a. vegna þess hve Íslendingar væru fáir, þá minnti hann þá á að Íslendingar væru álíka margir og íbúar Flórens á Endurreisnartímanum, Michael Angelo Buonaroti, Ghiberti, Leonardo Da Vinci og Il Magnifico, Lorenzo de Medici.

Dæmi um hugmyndaauðgi Ragnars þegar kom að tónlist :

Loftleiðir og Tónlistarfélagið.

Þegar Loftleiðir hófu flug milli Bandaríkjanna og Evrópu sá Ragnar kjörið tækifæri til að bæta menningarlífið á Íslandi.

" Allir bestu hljóðfæraleikarar og söngvarar heims eru á sífelldum ferðalögum milli Evrópu og Bandaríkjanna ", sagði hann.

" Hví ekki að fá þá til að millilenda hér og halda konserta fyrir okkur ?"

Eitt er að fá hugmynd og annað er að útfæra hana.

Hugmyndin var snjöll, en hvernig Ragnari tókst að úfæra hana er mér alveg hulin ráðgáta og ég held að engum nema Ragnari hefði tekist að koma þessu á koppinn.

Ef til vill felst svarið í því, sem Vigdís Finnbogadóttir sagði á afmælinu sínu um daginn :

" Aðeins sá, sem sér hið ósýnilega getur framkvæmt hið ómögulega."

Listinn yfir þá listamenn, sem hingað komu á vegum Ragnars er ótrúlegur :

Rudolf Serkin, Adolf Busch, Kreisler, Fischer Dieskau, Wolfgang Schneiderhahn, Irmgaard Siegfried, Gerald Sousay, Erling Blöndal o.fl., o.fl.

Allt þetta heimsklassa fólk kom hingað og spilaði fyrir okkur, margir komu aftur og aftur og eins og nærri má geta þá lyfti koma þess menningunni og þar með mannlífinu hér á hærra stig.

Ragnar var alltaf sá sem tók á móti þesum gestum og annaðist þá nótt sem nýtan dag meðan þeir dvöldu hér og hann hélt sambandi við þá eftir að þeir voru farnir og til gamans má geta þess að einn sonur Rudolfs Serkin heitir RAGNAR.

Margt spaugilegt bar stundum á góma þegar þessir útlendingar fóru að venja komur sínar hingað, eins og til dæmis þegar Kreisler barst einhvertíma til tals þá sagði einhver viðstaddur :

" Já, mér finnst Kreisler afskaplega góður fiðluleikari og svo býr hann líka til svo góða bíla."

Þýðing þessarar hugmyndar Ragnars og útfærsla hennar var og er enn ómetanleg fyrir þróun og núverandi stöðu menningarlífs íslensku þjóðarinnar og til dæmis er listahátíð í Reykjavík eitt afkvæmið, enda þótt Askenazy eigi þar líka fullan heiður skilið.

Ragnar tuggði pappír, reif hann niður í strimla og tuggði þangað til allur safi var úr pappírnum.

Þess vegna varð alltaf að forða öllum víxlum, skuldabréfum og samningum þegar Ragnar birtist á kontórnum, því annars hefði hann getað étið þetta allt saman í ógáti.

Þabbi minn hafði það fyrir sið að nota innleggisblokkir úr Útvegs-bankanum sem rissblöð.

Þegar Ragnar kom inn á skrifstofuna hans rétti hann honum alltaf Útvegsbanka rissblokk og sagði :

" Éttu þetta. "

Ragnar kom oft æðandi á kaffistofuna, sönglandi eins og alltaf, en fullur eldmóði eða réttlátri reiði eða hneykslan, sagði sögur, sagði frá því sem var að gerast í pólitíkinni, eða listunum, eða las fyrir okkur Einar Ben.

Það voru skemmtilegar stundir þegar Ragnar var á kaffistofunni og stundum dvalið þar lengur en góðu hófi gengdi.

Einn daginn kom hann til dæmis og spurði :

"Vitið þið hvað það eru mörg tónskáld sem eru útskrifuð á hverju ári úr amerískum háskólum ?"

Svarið var auðvitað "Nei" og þá sagði hann :

" Þeir eru 10.000 og þeir eiga það allir sameiginlegt að enginn þeirra getur samið nokkurn skapaðan hlut, sem vit er í."

Hann gerði sem sagt mikinn mun á þeim sem voru aðeins lærðir og þeim sem voru menntaðir í raun, siðmenntaðir, kúltíveraðir.

Ragnar hafði mjög ákveðnar skoðanir á pólitík, blár í gegn eftir að hann komst til vits og ára.

Hann byrjaði sem kommúnisti, en snerist þegar Rússar réðust á Finnland 1939.

Hann sagði mér að það hefði verið svo þægilegt að vera kommúnisti, því :

" Þá þurfti maður ekkert að hugsa, það var búið að hugsa allt fyrir mann, öll svörin lágu fyrir og maður þurfti bara að vita hvar maður átti að fletta þeim upp."

Á kosningadögum stóð hann í marga áratugi niðri í portinu við Miðbæjarbarnaskólann og talaði við fólk áður en það fór inn að kjósa.

Ætli hann yrði ekki settur inn í dag fyrir áróður á kjörstað.

Hjá Ragnari örlaði meira en lítið á þeim eiginleika, sem frú Elín, ekkja Guðmundar Jóhanns Guðmundssonar formanns Dagsbrúnar, sagði um eiginmann sinn og vin minn :

" Guðmundur kann ekki á klukku og varla á almanak."

Það gat því stundum tekið á taugarnar þegar nokkrir dagar voru liðnir fram yfir þann tíma, sem við höfðum ákveðið að hittast, en allt var fyrirgefið og gleymdist þegar hann birtist syngjandi stef úr einhverri óperu eða sinfóníu og dró mann út í jeppann.

Ragnar var í senn barn síns tíma og jafnframt áratugum á undan samtíð sinni.

Hann var sparsamur, illa við allt bruðl og flotræfilshátt og þrátt fyrir mikinn gestagang bjó hann til dæmis mikinn hluta ævinnar á efri hæð og risi í þríbýlishúsi á Reynimelnum.

Jeppinn hans var tveggja dyra yfirbyggður herjeppi með Egils húsi, síðuventlavél, svona 20 til 30 hestöfl, ekki sjálfskiptur, ekki með vökvastýri, ekki með power bremsum, ekki með útvarpi og ef bílinn erfiðaði upp brekku, að ég tali nú ekki upp Kambana, þá stoppuðu vinnukonurnar.

Hann stofnaði Tónlistarfélagið og var formaður þess alla tíð, en stjórnin sem var skipuð tólf mönnum var auðvitað kölluð Postularnir 12 og var fjár til tónleikahalds var afluð hjá styrktarmeðlimum Tónlistarfélagsins.

Ég var þeirrar gæfu aðnjótandi að fylgjast töluvert með starfsemi Tónlistarfélagsins þar sem vinur minn og nánasti samstarfsmaður, Haukur Gröndal, var gjaldkeri félagsins og ef Tónlistarfélagið hefði haft skrifstofu þá var hún í Þverholtinu hjá Smjörlíki / Sól, enda lá stanslaus straumur tónlistarmanna, innlendra sem erlendra þangað, alla daga ársins.

Jónas Ingimundarson segir frá því í ævisögu sinni að upphaflega hafi Tónlistarskólinn verið til húsa í Hljómskálanum við Tjörnina.

Húsið var bæði lekt og kalt þannig að þegar Ragnar fékk Árna Kristjánsson til starfa hjá Tónlistarskólanum þurfti Árni að kenna bæði í gúmmískóhlífum og frakka og væntanlega með sjóhatt líka.

Ragnari var því mikið í mun að byggja hús yfir Tónlistarskólann og hvernig fór hann að því ?

Hann keypti gamlan herbragga á Grímsstaðaholtinu, svona ca. þar sem Oddi og Lögberg standa nú.

Fékk innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir sýningarvél, hátölurum og sýningartjaldi, keypti járnstóla hjá Sölnunefnd varnarliðseigna og breytti bragganum í bíó, Trípólíbíó.

Fyrir gróðann af rekstri Trípólíbíós var hægt að fá fleiri listamenn til landsins, halda fleiri tónleika og síðast en ekki síst að byggja hús yfir Tónlistarskólann í Reykjavík og tryggja rekstur hans.

Ég man vel baráttu Ragnars fyrir Sinfóníuhljómsveitinni, hve hann var brennandi í andanum og hvað hann lagði á sig, en hann mundi líka eftir forvera Sinfóníunnar, Hljómsveit Reykjavíkur, og mundi þá tíð þegar hljóðfæraleikararnir komu með stólana, sem þeir áttu að sitja á, undir hendinni að heiman, en Ragnar og aðrir báru inn stólana handa tónlistargestum.

Hugsið ykkur hve skemmtilegt það er að hafa fengið tækifæri til að fylgjast þróun sumra hugsjóna Ragnars allt frá fæðingu þeirra og sjá þær verða að veruleika og reyna síðan að ímynda sér gleði hans til dæmis núna þegar frábær Sinfóníuhljómsveit er orðin að veruleika og tónlistaskólar eru komnir út um allt land.

Það er gaman að velta því fyrir sér upp á hverju Ragnar mundi finna til hagsbóta fyrir okkur, ef hann væri á lífi í dag, því svo margar af hugsjónum

hans hafa þegar orðið að veruleika, veruleika sem við teljum sjálfsgött mannréttindi í dag.

Eitt er ég þó alveg viss um.

Glæsilegt tónlistar- og óperuhús væri löngu risið í Reykjavík.
"Ekkert slinger í valsen með það."

Ýmis heilræði Ragnars.

Gjafir.

"Maður á aldrei að gefa neitt nema það sem maður sér eftir að hafa gefið."

Áföll.

"Þetta var nú verri sagan."

"Hvernig getum við grætt á þessu?"

Og viti menn þegar við höfðum keyrt fram og til baka í jeppanum var oftast hægt að finna einhver ráð til þess.

Stjórnun.

"Góður stjórnandi þarf að vera vinur stafsfolksins og styðja það og styrkja með öllum tiltækum ráðum, en hann þarf líka að geta dansað stríðsdans þegar þess er þörf."

Ýmsar sögur, sem sýna nokkrar hliðar á Ragnari.

1. Hjálpsemi.

Hjón með tvö börn í biluðum bíl á Kambabrún. Bráðókunnugt fólk. Þá var ástand Hellisheiðarinnar slíkt að það var þriggja klukkustunda akstur þessa 93 kílómetra að Laugarvatni fyrir vanalegt fólk, þótt Ólafur Ketilsson hafi verið fjóra tíma að keyra þangað.

Ragnar stoppaði jeppann, spurði þau hvort hann gæti hjálpað, batt bílinn þeirra aftan í jeppann og dró þau alla leið til Reykjavíkur.

Þegar þau þökkðu honum fyrir sagði hann :

"Ekkert að þakka, þetta var alveg í leiðinni."

Keyrði síðan aftur austur.

Sögu þessa sagði mér gamall starfsmaður Ragnars, Jóhann, sem þekktur er sem skáld og vitavörður á Hornbjargsvita.

2. Rósir handa Björgu.

Ragnar var mikill jarðræktarmaður og umhverfi sumarbústaðarins við Álftavatn var eins og í einhverju Grimms ævintýri.

Björg hélt upp 50 ára afmæli sitt í sumarbústaðnum.

Um morguninn fór Ragnar út og skar fimmtíu rósir handa henni, sem hann afhenti henni með eftirfarandi orðum :

" Það eru margir menn sem geta gefið konunni sinni 50 rósir í afmælisgjöf, en ekki margir, sem hafa ræktað þær allar sjálfir."

3. Útkeyrslubíllinn.

Bíllinn hans Ragnars var bilaður, þetta var áður en hann eignaðist jeppann. Því hann bilaði aldrei, því fékk hann einn útkeyrslubíllinn lánaðan og lá svo mikið á að ekki var einu sinni tími til að tæma pallinn á bílnum.

Fór síðan sína leið í nokkur erindi og meðal annars suður í Hafnarfjörð.

Kom m.a. við hjá Jóni Mathiesen kaupmanni og spjallaði við hann góða stund meðan bíllinn, fullur af smjörlíki, malaði fyrir utan, því auðvitað hafði Ragnar ekki drepíð á bílnum.

Sá þá hvar Hafnarfjarðarstrætó kom eftir Strandgötunni, stökk á fætur, hentist út og upp í strætó og tók sér far til Reykjavíkur.

Þegar hann kom í vinnuna á Veghúsastíg morguninn eftir spurði Valdi Gröndal :

" Hvar er bíllinn minn ?"

Mér var sagt að það hefði tekið Ragnar langan tíma að rekja hvar hann hefði verið daginn áður og hvar bíllinn gæti verið.

Þegar bíllinn loksins fannst var hann bæði bensínlaus og vélin full af sóti þannig að draga þurfti bílinn til Reykjavíkur.

Enginn hafði hinsvegar hreyft við farminum.

4. Óli Ket. og rútan við Álftavatn.

Eitt sinn þegar Ragnar var í sumarbústaðnum við Álftavatn á sinni vanalegu morgungöngu, sá hann hvar rútan hans Óla Ket. kom siglandi, tók á rás, náði rútnunni og tók sér far til Reykjavíkur.

Þegar rútan stoppaði í Hveragerði kom þar inn kunningi Ragnars, sem sagði :
" Hvað, þú hérna, ertu ekki í bústaðnum ?"

Nema hvað, Ragnar hentist út úr rútnunni og hljóp alla leið úr Hveragerði austur að Álftavatni og náði hádegismatnum hjá Björgu.

Í dag er það allt annað umhverfi sem við lifum og hrærumst í. Sameiginlegur sjóður okkar allra er kominn inn í myndina.

Listamannalaun, heiðurslaun, rithöfundasjóður, starfslaun, borgarlistamannslaun, höfundum falið að semja verk, námslán, og hvað þetta nú heitir allt saman.

Það eru nefndir og ráð sem úthluta peningum okkar, en svo vill til að persónulega hef ég ekki mikla trú á nefndum, sem líklega stafar meðal annars af því að þabbi minn kenndi mér danskt spakmæli sem hljóðar eitthvað á þessa leið :

" Når Fanden bestemte at intet skulde ske, så skabte han den første Komite."

Hvaða nefnd eða ráð menningarvita hafði trú á og styrkti Björku Guðmundsdóttur, þegar hún þurfti á stuðningi að halda ?

Hvað hefði sú lánanefnd banka eða sparisjóða orðið langlíf, sem hefði lagt til að lána Jóhannesi Jónssyni peninga til að stofna Bónus ?

Er Arnaldur Indriðason í heiðursflokki listamanna ?

Hvað ætli komi margir gestir til Íslands til að sjá staðina, sem sögurnar hans gerast á ?

Ekki var það nefnd eða ráð, sem styrkti Latabæ, þegar í óefni þannig að úr varð barn í brók, heldur einkafyrirtæki.

Nokkur orð um KOSTUN.

Ágætt nútíma fyrirbrigði, sem hefur vafalaust komið mörgu góðu til leiðar og byggist á því að kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn.

Þarf ekki að vera verra fyrir það, en hættan er sú að sprotarnir, eins og til dæmis Björk og Jóhannes í Bónus, verði útundan hjá kostunaraðilum.

En sprotarnir voru einmitt ær og kúr Ragnars og hann var alveg óhræddur að veðja á þá og það er einmitt ef til vill á því sviði, sem atbeina hans er mest minnst.

Það er nefnilega þannig með sprotana að maður sér þá ekki, því þeir eru ennþá niðri í jörðinni, samanber það sem Davíð sagði :

" Til eru fræ, sem fengu þennan dóm,
að falla í jörð og verða aldrei blóm.

Menn spyrja :

Hvar er Ragnar í Smára í dag ?

Auðvitað kom enginn einn maður í stað Ragnars, en til allrar hamingju eigum við í dag marga menn, menn sem eru ólíkir honum um margt, en eru engu að

síður að gera góða hluti, ekki sömu hluti og Ragnar, því þeir starfa í allt öðru umhverfi, en styðja við marga aðra góða hluti, sem auðga líf okkar.

Jónas Ingimundarson fékk Davíð Oddsson til að kaupa almennilegan flygil til landsins og átti áreiðanlega stærri þátt í því en nokkurn grunar að Salurinn var byggður í Kópavogi.

Þótti mönnum í Háskóla Íslands, já og okkur öllum, ekki fengur í því að röskir feðgar skyldu afhenda Háskólanum það fé til ráðstöfunar, sem Háskólinn átti, en hafði ekki getað notað til starfsemi sinnar, eða til uppbyggingar, í marga áratugi ?

Er ekki skemmtilegt að lifa það að bílaumboð sjái sér hag í að styrkja Sinfóníuna ?

Hvern listviðburðinn á fætur öðrum, sem styrktir er af athafna-mönnum, rekur á fjörur okkar.

Er ekki allt í besta lagi að styrktaraðilarnir hagnist á að styrkja listina og listamenn ?

Auðvitað er ekkert sjálfsgóðara, vonandi hagnast þeir sem allra mest á þessu, því þá sjá þeir sér hag í því að stiðja og styrkja fleiri og fleiri.

Auðvitað var Ragnar ekki einn á báti, konan hans, Björg Ellingsen stóð alla tíð eins og klettur við hlið hans og svo var hann gæddur þeim hæfileika að geta virkjað aðra til góðra verka því það var afar erfitt að neita Ragnari um nokkurn hlut.

Hefði nokkur annar en Ragnar getað fengið leyfi réttthafa til að láta gera allar þessar eftirprentanir af helstu málverkum íslenskum, eða fengið leyfi hjá Ásgeiri Ásgeirssyni forseta til að taka niður og senda utan í marga mánuði aðal stássið í viðhafnarstofunni á Bessastöðum ?

Eða fengið leyfi til að breyta bragga í bíó ?

Auðvitað var það vegna þess að hann var maðurinn, þjóðsagna-persónan, sem hafði áunnið sér slíkt orð sem Maecenas Íslands að allir vildu greiða götu hans og fá að taka þátt í gera hugsjónir hans að veruleika.

Á langri ævi eignaðist Ragnar fágætt safn listaverka, og ég man þegar útlendur maður bauð Ragnari stórfé fyrir Kjarvals myndina, Leikið sér að stráum, fé, sem Ragnar og Björg hefðu sannarlega getað notað til að létta sér lífið á efri árum, en Ragnar vildi ekki að selja myndina.

En hvers vegna vildi Ragnar ekki selja myndina ?

Það var vegna þess að hann vildi gefa hana og þessi mynd er hluti af gjöf Ragnars og Bjargar til A.S.Í., ef til vill stærsta gjöf sem gefin hefur verið á Íslandi.

Megi okkur auðnast sú gæfa að eignast sem flesta menn, sem halda merki
Einars Ragnars Jónssonar á lofti um ókomna tíð.